

son kaupm. þar og k.h. Unnur Gísladóttir kennari. Stúd. M.R. 1956. Arkitekt frá tækniháskólanum í Aachen í V.-Þýzkalandi 1961. Arkitekt hjá Rvíkurborg 1961-62, hjá SÍS 1962-65 og hjá Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar 1965-69. Forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins 1969-71. Með sjálfstæðan rekstur á arkitektastofu í félagi við Guðmund Kr. Guðmundsson frá 1971. K. 26. júlí 1957 Svava stúd. M.R. 1956, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, f. 4. nóv. 1936, Ágústsdóttir framkvstj. á Ísafirði Jóhannessonar og k.h. Sóleyjar Þorsteinsdóttur.

Ólafur Jens Sigurðsson, f. 26. ág. 1943 í Rvík. For.: Sigurður Ólafsson múrari þar og k.h. Guðbjörg Guðbrandsdóttir. Stúd. V.Í. 1963. Laganám við Hásk. Ísl. 1963-65. Cand. theol. Hásk. Ísl. 1972. Bókari við innflutningsverzlun í Rvík 1964-70. Sóknarprestur í Kirkjuhvolsprestakalli í Rang. 1972-73. Sóknarprestur í Hvanneyrarprestak. í Borgarf. frá 1973. Aukaþjónusta við Stafholtsprestak. 1. apríl - 30. júní 1976 og Borgarprestak. 1. júlí 1977 - 30. júní 1978. Stundakennari við Bændask. á Hvanneyri 1973 og oftast síðan. Búsettur að Bæ í Andakílshreppi. Form. Framsóknarfél. Borgarfjarðarsýslu 1975-80. K. 14. sept. 1968 Ólöf Helga, f. 6. nóv. 1948, Halldórsdóttir b. að Bæ í Andakílshr. í Borg. Þórmundssonar og k.h. Lilju Kristjánsdóttur.

Ólafur Sigurðsson, f. 18. júní 1946 í Rvík. For.: Sigurður Ólafsson lyfsali þar og k.h. Þorbjörg Jónsdóttir. Stúd. M.R. 1966. Fyrrihluta-próf í verkfræði frá Hásk. Ísl. 1969. Próf í byggingaverkfræði frá DTH í Khöfn 1972. Verkfr. hjá Hönnun hf. frá 1972 og meðeigandi frá 1975. 1. k. 15. des. 1968 Ásdís, f. 26. nóv. 1949, Magnúsdóttir dr. phil. framkvstj. í Kópavogi Teitssonar og k.h. Helgu Þorsteins. Skildu. 2. k. 1. des. 1973 Helga kennari, f. 20. maí 1947, Birgisdóttir hagfr. og alþm. Kjarans og k.h. Sveinbjargar Helgu Sophusdóttur, f. Blöndal.

Ólafur Sigvaldason, f. 1. okt. 1910 á Sandnesi í Kaldrananeshr., Strand. For.: Sigvaldi Guðmundson b. þar og k.h. Guðbjörg Einarsdóttir. Nám í einkaskóla Finns Magnússonar á Hólmavík. Bóndi á Sandnesi frá 1943. Verkstjóri við vegagerð 1942-55. Í hreppsnefnd Kaldrananeshr. 1954-58. Í sýslunefnd Strandasýslu 1954-74. Í stjórn Sparisjóðs Kaldrananeshr. 1949-73, er Búnaðarb. Ísl. yfirtók hann. Í skólan. Klúkuskóla. Í stjórn Búnaðarfél. Kaldrananeshr. og ræktunarsambands 1948-75, form. 15 ár. Deildarstjóri Kaldrananeshreppsdeildar Kf. Steingrímsfjarðar Hólmavík (KSH) frá 1968. Form. Framsóknarfél. Kaldrananeshr. 1959-74. Í stjórn Umf. Neista 8 ár. Í stjórn HSS. 3 ár. K. 23. des. 1941 Brynhildur, f. 27. apríl 1921, Jónsdóttir b. á Sandnesi Sigurðssonar og f.k.h. Jórunnar Bjarnadóttur.

Ólafur Haukur Símonarson, f. 24. ág. 1947 í Rvík. For.: Símon Guðjónsson áður útgerðarm., nú hafnsögum. þar, og k.h. Elín Friðriksdóttir verkakona. Gagnfræðapróf frá Gagnfrsk. Vesturbæjar. Nám í innanhússarkitektúr í Danmörku 1965-69. Nám í bókmenntum í Danmörku og Frakklandi 1969-72. Rithöfundur. Leikhússtjóri Al-